




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



BRÁKARBORG

2020-2021

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.


Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra mat	5
2.1	Dvergheimar	5
2.2	Álfheimar	15
2.3	Jötunheimar.....	20
3	Ytra mat	25
4	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	27
5	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	28
6	Foreldrasamvinna	30
7	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	32
8	Fylgigögn.....	33
8.1	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	33



Leiðarljós leikskólans

Leiðarljós Brákarborgar er að gefa öllum börnum tækifæri til náms út frá þeirra þörfum. Gildin okkar **AGI – VIRÐING – UMHYGGJA** fléttast inn í allt nám skólans og styður við þá vinnu. Við viljum efla og styðja hvern einstakling til sjálfstæðis og nýtum meðal annars LAUSNAHRINGINN okkar til þess. Með honum viljum við gefa börnunum tæki til þess að nota í daglegu starfi við að leysa ágreiningsefni, vinna úr málum og hjálpa bæði fullorðnum og börnum svo eitthvað sé nefnt.



1 Greinargerð leikskólastjóra

Eftir góða byrjun á hausti með góðu veðri og ljúfri innkomu nýrra barna til okkar þá verður að segjast fljótt fundum við fyrir mótbyr með miklum og alvarlegum veikindum í starfsmannahópnum. Við vorum valin í ytra mat Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, sem fram fór í september í miðri aðlögun sem var töluvert aukaálag á starfsfólk og börn. Með jákvæðni og bjartsýni tókum við til starfa eftir að hafa lokað milli jóla og nýárs, vegna þess að öll börn Brákarborgar fengu jólafrí með fjölskyldum sínum. Fljótt fórum við í nýjar stellingar því að nýja árið kom með hressandi skelli af vondu veðri, verkfalli og síðan blessuðu veirunnar. Vegna þessa verður sundurslitin vorönn tekin með inn í næsta skólaár.

Sá lærdómur sem stendur hæst í minninu er hversu frábært leikskólalífið er stútfullt af lausnamiðuðum einstaklingum í hópi starfsmanna, foreldra og ekki síst barna. Handþvottur, sótthreinsun og skipting barnahópsins í vaktaplan kenndi okkur margt. Í Brákarborg eru mörg sett af systkinum en vegna þess þá skiptum við öllum skólanum upp á nýtt í hólf bæði starfsmanna og barna. Það sem allir fundu til gróða var að börnin fengu meira rými og leikur barnanna fékk af því tilefni meiri gæði ásamt því að veikindi starfsmanna féllu alveg niður.

Það var þó ekki hægt að merkja á barnahópnum að CoViD-19 væri mikið að hafa áhrif á líf þeirra því að við sáum hann ekki koma fram í leik barnanna en handþvotturinn var þar mesta breytingin þar sem staðið var og sungið við handþvottinn til að tryggja það að nægur tími væri gefinn í hann.

Starfsmannahópurinn er samheldinn og allir vinna þétt í samstarfi milli deilda og því var það stærsta áskorunin að hitta ekki alla vinnufélagana og geta unnið þau verkefni sem fyrirfram voru áætluð í samstarfi milli bæði starfsmanna og deilda. En allir stóðu saman að því að gera það allra besta úr aðstæðum með það að yfirmarkmiði að öllum liði vel.

Í febrúar hlaut Brákarborg Hvatningarverðlaun Skóla- og frístundasviðs vegna LAUSNAHRINGSINS en hann er smíðaður út frá vinnu barna elstu deildarinnar, sem tæki til að vinna sjálfstætt að því að leysa málin og hjálpa öðrum.



Verkfallsverðir Eflingar að skoða aðstöðuna í Brákarborg

2 Innra mat

Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að meta starfið okkar, nám og stöðu barna. Unnið er í samstarfi við foreldra með gerð einstaklingsnámskrár fyrir öll börn, þar sem grunur að þeim er unninn út frá ákveðnum punktum. Skipulagsdagar, deildarfundir, starfsmannafundir og fundir með foreldrum eru nýttir til þess að meta allt það sem fellur undir starfsemi leikskólans. Innra mat er einnig byggt á ýmsum ferlum sem snúa að öðrum þáttum svo sem skráningarlistum í tengslum við Heilbrigðiseftirlit, Vinnueftirlit, Eldvarnareftirlit ásamt þeim fjölmörgu áætlunum sem okkur ber að vinna s.s. eineltisáætlun, læsisáætlun og Menntastefna Reykjavíkurborgar. Stjórnendateymi skólans skipar matsnefnd skólans en í því eru Sólrún Óskarsdóttir leikskólastjóri, María Björnsdóttir aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri, Arnrún Magnúsdóttir deildarstjóri, Karen Linda V. Einarsdóttir deildastjóri og Bjarney Ásgeirsdóttir deildarstjóri. Tekur nefndin málefni frá starfsfólki til umræðu á fundum og metið jafnóðum það sem gera þarf mögulega til að bæta og breyta hverju sinni. Deildarstjórar koma með málefni frá deildum inn í matsfundi.

2.1 Dvergheimar



Skólaárið var erfitt og óvanalegt. Ellefu ný börn byrjuð í aðlögun og fór hún fram í lok ágúst og byrjun september og gekk ágætlega. Hjá sumum gekk hún vel, en hjá öðrum var þetta erfitt ferli sem tók langan tíma. Ytra mat fór fram í september meðan aðlögun var og jók það enn frekar á álagið sem þegar var til staðar á deildinn. Utan að komandi þættir eins og verkfall Eflingarfólks og CoViD -19 höfðu mikil áhrif á skólastarfið, mörg óvænt verkefni fylgdu því sem leysa þurfti frá degi til dags. Barnahópnum var nánast alla vorönnina skipt í tvo hópa vegna ástandsins. Einnig var starfsfólki skipt í hópa í Covid og fylgdu

þau sínum barnahópum.

Þrír fastir starfsmenn voru á deildinni í vetur. Deildarstjóri er leikskólakennari í 100% í starfi. Auk hans eru tveir eflingarstarfsmenn á deildinni sem eru í 100% og 95% starfi. Annar er með margra ára reynslu í starfi og hinn með tveggja ára reynslu. Eflingarstarfsmaðurinn með minni reynsluna fór í veikindaleyfi í október og er ekki enn kominn aftur til starfa. Þegar nýr óreyndur starfsmaður kom til starfa til að leysa af vegna veikinda þá kom greinilega fram bæði í starfinu og barnahópnum áhrif þess að ekki gátu allir gengið í takt.

Fimmtán börn voru á deildinni á haustönn, en á vorönn voru þau fjórtán. Á haustönn voru eitt barn fædd 2016, þrettán fædd 2017 og eitt fædd 2018. Á deildinni voru fimm drengir, tíu stelpur voru fyrir áramót og níu eftir áramót. Samsetning nemenda var ágæt, en það hafði áhrif á hópinn að hann þurfti að vera tvískiptur meira og minna alla vorönnina. Sérkennslustjóri og deildarstjóri eyddu talverðum tíma í að fylla út matslista og skráningar varðandi mat á þroska einstakra barna. Tvö börn deildarinnar eru tvítyngd.

Erfitt var að ná dampi í skipulögðu starfi þennan vetur. Aðlögun á haustönn dróst á langinn, breytingar og veikindi í starfsmannahóp, verkfall og Covid voru ástæðan. Því gekk erfiðlega að ná fram settum markmiðum sem sett voru fram í síðustu starfsáætlun Skapandi starf var gott á deildinni, margt af verkefnalista haustannarnar náðist.

Markmið fyrir næsta skólaár eru m.a. vinna að enn frekar innleiðingu á lausnarhringnum, bæta gæði könnunar og kubbaleikinn, m.a. gera skráningar sýnilegri og ræða þær á deildarfundum, vinna markvissara með málörvun og tákn með tali svo dæmi séu tekin. Nánar útfærslu og fleiri markmið má sjá í töflu fyrir neðan.

Foreldrasamtöl fóru ekki fram að vorönn og ekki hefur verið send könnun til foreldra um til að kanna viðhorf foreldra til skólastarfsins. Foreldrar sem óskuðu eftir foreldrasamtölum fengu óformleg samtöl í byrjun júní.

Innra mat

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Upplýsing aflæði	Bæta upplýsinga til foreldra	Myndrænt skipulag. Nýta töflu í fataklefa fyrir skilaboð til foreldra betur. Fréttabréf til foreldra í tölvupósti. Nýta facebook- síðu leikskólans	Ágúst 2020 til lokunnar 2021	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur skipulagið með öllum starfsmönnum deildarinnar	Endurmat framkvæmt á deildarfundu m, starfsfólk deildarinnar tekur þátt og er virkt í umræðum.	Gefa foreldrum nægar upplýsingar af starfi deildarinnar – viðhorf foreldra kannað í foreldrasamtöl um og viðhorfskönnu n sem verður send á vorönn.
Áætlun yfir skólaárið	Að gera ýtarlegt skipurit fyrir	Hafa verkefnalista fyrir hvern	Frá september til maí.	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur	Endurmat á síðasta skólaári.	Fara yfir skipulag skólaársins,

	innleiðingu á jákvæðan aga og launsahringnum.	mánuð. Útbúa skráningarblöð fyrir könnunarleik og kubbastarf. Innleiða lausnahríngnum heldur áfram og fer fram í hópastarfi, samverustundum og daglegu starfi.	Endurmetið í hverjum mánuði á deildarfundum. Daglegt mat þar sem kennara ræða reglulega hvað gengur vel og hvað má bæta.	skipulagið með starfsmönnum deildarinnar	Ígrundun starfsfólks og endurmat starfsfólks fer fram á mánaðarlegum deildarfundum. Starfsfólk hvatt til að koma með skráningu eða umræðupunkt þessu tengt á fundinn.	skoða hvað vantar og hverju er ofaukið. – Viðmiðið er að allir geta nýtt sér áætlunina og að hún falli vel að skipulagi vetrarins
Samverustundir	Hafa fjölbreyttar samverustundi, þar sem áherla er lögð á söng, lestur, rím, leik, þulur, vísur og að nota TMT. Umræður og innleiðing á vikudögum, mánaðarheitu og	Skipulag sýnilegt og skýrt uppsett þannig að hver sem er geti gengið í verkið. Hafa myndrænt skipulag og kennara tileinki sér að hafa leggja orð á hlutina í samræðum	Ágúst til Maí næst árs – endurmetið á hverjum mánuði	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur skipulagið með öllum starfsmönnum deildarinnar	Endurmat framkvæmt á deildarfundum, mikilvægt að kennara séu virkir í umræðu, t.d. komi með skráningar eða umræðupunkt á fundinn.	Metið með skráningum, umræðum og ígrundun kennara hvort og hvað börnin læri af því sem innleiða á í samverustundum hverju sinni.. Hvað gengur vel og hvað þarf að breyta.

	árstíðunum. Jafnframt að börnin læri að þekkja afmælisdagan na sína.	við börnin til að auka orðaforða þeirra. Innleiða TMT markvisst, með því að leggja inn tákn vikunnar og kennarar hvattir til að nota algeng tákn.				Umræður fara fram á deildarfundum kennara og í daglegu starfi.
Hópastarf	Nýta fjölbreytt námstækifæri, t.d. einingakubba, könnunarleik listsköpun, útinám, hreyfingu, málörvun.	Hafa myndrænt skipulag. Auka orðaforða og málskilning hjá börnunum með því að leggja orð á hluti og athafnir í daglegu starfi.	Ágúst til Maí næst árs – endurmeti ð á hverjum mánuði	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur skipulagið með öllum starfsmönnum deildarinnar	Endurmat framkvæmt á deildarfundu m, kennarar eru virkir í umræðum á þeim. Koma m.a. með skráningu og umræðupunk ta á fundinn.	Kennarar meta út frá skráningum, ígrundun og umræðum hvað gengur vel og hvað má betur fara í hópastarfinu. Samsetning hópa skoðuð reglulega, út frá samskiptum og samsetningu barnahópsins.

Fataherbergi	Þjálfar markvisst sjálfshjálpi	Halda áfram með myndrænt skipulag. Myndbands-skráningar	Ágúst 2020 til vors 2021	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur skipulagið með öllum starfsmönnum deildarinnar	Rýna í hverjum mánuði hvernig gengur	Hafa börnin næg tækifæri til að klæða sig sjálf og ganga frá þegar þau koma inn úr útiverunni. Er fjöldi barna í fataherberginu þannig að allir fá sín notið?
Hlutverka-skipting barna	Hafa tvö hlutverk; fataherbergis-stjóra og lausnahrings-stjóra	Börnin skiptast á hlutverkum	Fataherbergisstj. byrjar í Október og Lausnarhringsstjóri. byrjar um áramótin	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur skipulagið með öllum starfsmönnum deildarinnar	Endurmat framkvæmt á deildarfundum, þar sem allir taka þátt í umræðum.	Að auka sjálfstraust, sjálfstæði og sjálfshjálpi
Skipulag fyrir verkefni hvers mánaðar	Verkefnalisti fyrir hvern mánuð (list). Leggja inn eina köku (lausn) úr lausnahringnum. Vísa mánaðarins. Sönglög mánaðarins. Mæla hæð í	Gera verkefnalista sem verður sýnilegur starfsfólki. Vísa mánaðarins sett upp á vegg og sönglög eru á	September 2020 – Maí 2021	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur skipulagið með öllum starfsmönnum deildarinnar	Endurmat framkvæmt á deildarfundum, þar sem allir taka þátt í umræðunni	Hafa myndrænar og skriflegar skráningar

	Október og Mars	söngspjöldu m Hafa sýnilegt hvaða lausn í lausnarhring um er verið að vinna með hverju sinni.				
Vettvangs ferðir – útinám	Vinna með árstíðarnar. Hægt að nýta útiheimakrókin n Styttri ferðir út fyrir skólann þegar líða fer á skólaárið.	Að starfsmaður nýti útiveruna til að vinna verkefni með börnunum. Hugmyndabanki til á spjöldum tengt útinámi Velja okkur tré og fylgjast með hvernig það tekur breytingum eftir árstíðum.	Eftir aðlögun lýkur og út skólaárið. Yfir sumartímanum er stefnt á ferðir í nágrenni við leikskólan einu sinni til tvisvar í viku.	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur skipulagið með öllum starfsmönnum deildarinnar	Endurmat framkvæmt á deildarfundum, þar sem allir kennarar eru virkir í umræðunni.	Að börnin læri meira um náttúruna og umhverfið okkar. Gerðar eru skráningar því tengdu.

Endurmat Dvergheima

Deildarfundir

Þeir hafa gengið ágætlega í vetur. En vegna ástandsins hafa þeir hvorki verið reglulegir né oft. Þeir hafa aðallega farið í að ræða málefni barna og skipulag á deild. Fyrir næsta skólaár væri gott að útbúið væri sýnilegt skipulag, svo deildirnar gætu gengið út frá fyrir fram ákveðnum dögum (t.d. annan mánudag í mánuði) fyrir deildarfundi. Markmið fyrir næsta vetur að leggja áherslu á faglegri umræðu á deildarfundum, t.d. að starfsmenn komi með skráningu úr kubbastund á fundinn, þar sem er ígrunduð og rædd. Deildarstjóri gerir fundardagská og starfsfólk deildarinnar geti lesið hana a.m.k. degi fyrir fundinn. Ritari er á fundinum og eftir fundinn er fundargerð sýnileg öllu starfsfólki. Mikilvægt að halda tímaramma, bæði að byrja og ljúka fundunum á réttum tíma.

Hópastarf

Þrír hópar eru í hópastarfinu og fastur hópsstjóri fylgir hverjum hóp. Starfið hefur að mestu leyti skipts í kubbastarf, könnunarleikur og hreyfing, kennarar sammála að skipulagið sé gott. Kennarar voru líka sammála um að nýta hópastarfið og taka fyrir fleiri námsþætti, t.d. hafa stundum málörvun í stað hreyfingar. Sú hugmynd kom upp og rædd um að útfæra hugmyndabanka sem inniheldi bæði hugmyndir og almennar upplýsingar um hópastarfið. Það gæti hjálpað nýju starfsfólki og afleysingarfólki að öðlast öryggi í starfi. (hreyfing gæti þá verið söngur og leikur – í staðinn fyrir leikfimi). Hópastarfið er á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum – og er frá kl. 9 til 9:30. Allir eru sammála um að þetta sé góður tími og að þetta sé nýttast best fyrir börnin í dvergheimum.

Skipulag starfsfólks

Starfsmenn eru sammála um að deildarstjóri hafi haldið vel utan um skipulagið, bæði sem snýr að starfslýsingu starfsfólksins og starfinu sjálfu. Skipulag er á veggnum og getur afleysingarkennari áttað sig á sínu hlutverki og hvert skipulag deildarinnar er með því að lesa það yfir.

Kaffitímar

Tímasetning frá kl. 12:50 og eru til ca. rúmlega 14. Það hefur gengið ágætlega, en deildarstjóri er með hugmynd um að kennarar geti mögulega byrjað aðeins fyrr – því starfið á deildinni er

mjög rólegt í hádeginu, fer samt eftir því hvort starfsmenn deildarinnar þurfi að hjálpa til í fataklefum á öðrum deildum.

Morgunmat

Allir kennarar eru sammála um að það sé betra að borða morgunmat inn á deildinni. Þá skapast rólegra andrúmsloft og kennarar hafa betri yfirsýn og átt meiri gæðastund með þeim börnum sem eru komin. Morgunmat á vera búinn 8:45, svo að starfsmenn séu búnir að ganga frá vagninum áður en hópastarf byrjar.

Skipulag hádegismatar

Starfsmenn eru sammála að það sé mikilvægt sé að setja allan mat á diskinn hjá þeim og hvetja þau að vera dugleg að smakka, í það minnsta að þau hafi hugrekki til að hafa matinn á disknum þó svo að hann sé nýr fyrir þeim eða þeim finnst hann ekki góður. Mikilvægt að kennara læri inn á matarvenjur barnanna, t.d. taka skammtastæðir mið af því að börnin borða mismikið og ekki er í boði að fá fleiri en tvo skammta. Gott að hafa í huga að við erum að leggja inn hófsemi í mat hjá þeim, matarsóun á að vera sem allra minnst. Dvergar og Álfar þurfa að samstilla sig í matartímanum, þar sem deildirnar borða a sama tíma. Starfsmenn eru sammála um að það væri eflaust gott að hafa skýrt samræmi á milli deilda og hafa matarreglur sýnilegar.

Söngfundur

Sameiginlegu söngfundirnir hafa gengið ágætlega, en það væri gott að hafa samræmt skipulag á lagavali á milli deilda, t.d. að hver deild komi með sínar hugmyndir um hvað á að syngja á söngfundinum (hafa líka t.d. fastan sameiginlegan lagalista sem allar deildir séu að syngja). Starfsmenn eru líka sammála að það hafi gengið ágætlega að sitja inn í hringnum, en að mikilvægt sé að hafa börnin skipt á milli deilda í hringnum (1 dvergur, 1 álfur, 1 jötun o.sv. frv.). Einnig er nauðsynlegt að allir kennara séu virkir á söngfundunum og meðvitaðir um hlutverk sitt á þeim.

Útivera

Kennarar séu ávallt meðvitaðir um hlutverk sitt í útiveru, sem er að vera fylgjast með og skapa fjölbreytt námstækifæri fyrir börnin í útiverunni. Einnig er mikilvægt að brjóta upp leik þeirra ef þau festast í því sama, t.d. að róla endalaust. Hafa í huga að bjóða upp á leiki (t.d. regluleiki), listsköpun og öðruvísi leikefni en hið hefðbundna útidót, sérstaklega yfir sumartímann þegar meiri útivera er. Nýir kennarar eru ekki alveg viss um reglurnar í garðinum, t.a.m. að við séum

ekki að hjálpa krökkum upp á kofa, eða upp á rörið (börnin þurfa að geta þetta sjálf). Deildarstjóri er með þá hugmynd að hafa reglur útiverunnar sýnilegri. Brákarborg gæti t.d. verið með lítinn bækling; „Hugmyndabanki útiverunnar!“ 😊

Eftirlit í garði

Allir starfsmenn á fundinum eru sammála um að skipulag Brákarborgar um yfirferð garðarins sé til fyrirmyndar. Við erum í toppmálum hérna. Hrós til okkar.

Tákn með tali

Deildin hefur ekki markvisst lagt áherslu ,tákn með tali á síðasta skólaári. Kennarar eru sammála um að hafa markvissa innlögn á næsta skólaári og leggja inn tákn vikunnar. Okkar trú er að það hjálpi yngstu nemendunum að gera sig skiljanleg með því að læra tákn og nýta sér það um leið og bætist í orðaforðann hjá þeim. Tákn með tali hefur verið notað í söng á deildinni í vetur og eru börnin fljót að tileinka sér táknin sem notuð eru í söng.

Börnin voru spurð hvað er best við Brákarborg



2.2 Álfheimar



Skólaárið var mjög óvenjulegt en það á þó eingöngu við um vorönnina. En það má segja að hún hafi frá febrúar verið með allt öðru sniði vegna verkfalls Eflingarfólks og síðan Covid sem kom í kjölfarið. Þetta ástand leiddi til þess að viðvera var skert hjá börnunum og þeim skipt í hópa. Einnig var starfsfólkinu skipt í hópa með börnunum og það leiddi til þess að

starfsfólk deildarinnar og börnin hittust ekki öll saman aftur fyrr en 4. maí.

Nemendur voru 12 eða 5 drengir og 7 stúlkur. 3 börn fædd 2015 og 9 fædd 2016. Um áramót færðist ein stúlka fædd 2016 af yngri deild til okkar. Í lok febrúar hætti drengur fæddur 2016 og þá urðu börnin aftur 12. Starfsmenn deildarinnar voru leikskólakennari með deildarstjórn og leiðbeinandi sem er með B.A. próf í íslensku sem annað mál. Að auki eru 3 kennarar sem sinna sérkennslu vegna 2 barna, ein er með kennararéttindi, ein er með diplóma í ensku og B.A. í Dansi og þriðja er með B.A. í Sagnfræði.

Aðlögun fór fram í lok ágúst og september. Hún gekk að mestu mjög vel. Ytra mat fór fram í September.

Í hópastarfi voru börnunum skipt í tvo hópa. Hópstjórar skiptust á að vera vikulega með hvorn hópinn. Það sem hóparnir voru að gera skiptist á milli kubbavinnu, hreyfingar, listsköpunar og útináms. Í upphafi skólaárs var gert plan fyrir myndlist, hvaða verkefni væri unnið að í hverri viku.

Einu sinni í viku voru ferðir. Í upphafi skólaárs var gert plan hvað væri gert og farið í hverri ferð. Þá fóru börnin í ferðir út fyrir leikskólalóðina. Hópurinn fór mest í ferðir í nágrenni leikskólans. Í lok skólaársins fóru börnin í ferðir til að fræðast um heimilisföng sín og annarra.

Helstu áherslur í skólaþróun voru að efla sjálfshjálp og sjálfsvitund einstaklingsins. Börnin lærðu að þekkja heimilisföng sín, nöfn og afmælisdaga. Þau sinntu ýmsum verkefnum s.s. aðstoðarmaður kennara, veðurfræðingur og lausnahringsstjóri. Öll þessi hlutverk eru ætluð til þess að efla einstaklinginn.

Í október byrjaði bangsi að nafni Friðþjófur að fara í heimsóknir til barnanna á hverjum föstudegi þar til að hann hafði heimsótt öll börnin á deildinni. Með honum fylgdi dagbók sem fjölskyldumeðlimir aðstoðuðu hann við að skrifað í um heimsókn Friðþjófs. Hann naut mikilla vinsælda hjá börnunum. Við fórum ca. 1 sinni í viku í sögustundir í Sólheimasafni. Þar tók starfsmaður safnsins á móti okkur og var með sögustund. Tákni með tali fór af stað með miklum krafti á deildinni. Í hverri viku voru innleidd 2 tákni sem voru tákni vikunnar.

Í byrjun janúar byrjaðu Lubbastundir. Þær byggjast á bókinni Lubbi finnur málbein, íslensku máhljóðin, sem er eftir þær Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur.

Frá og með seinnihluta febrúar varð starfið ekki með venjubundnu móti vegna verkfalls Eflingarfólks og CoViD-19. Álfheimar voru lokaðir og starfsfólki og börnum var skipt í hópa og eftir dögum á milli deilda yngri og eldri barna eftir systkinablöndun.

Innra mat

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýn ihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Þemavinn a	Unnið sé markvisst með menningu í starfi með börnunum	Vinna með þemaverkefni, markvisst í ákveðinn tíma og	Í septemb er og er út maí 2021.	Deildarstjóri og starfsfólk	Farið yfir það á deildarfund um um það hvernig	Skoða að vori hvort að þurfi að bæta inn eða taka út verkefni. Árangur verður

		verkefnin sýnileg börnunum.			verkefnin eru framkvæmd og börnin höfð með í hugmyndavinnu.	sjáanlegur á veggjum og í möppum
Gefðu 10	Málörvun og óskipta athygli fullorðins. Hlusta á börnin.	Hvert barn fær í heila viku 10 mín á dag frá starfsmönnum, í spjall	15 vikur. hefst í okt	Deildarstjórinn og starfsfólk deildarinnar	Endurmat jafnóðum. Skráningabl að	Skráningablað notað.
Skráning leikfélaga	Hverjir eru leikfélagar í útiveru. Sjá hvort að barnið sé mikið eitt og við hverja það leikur.	Með skráningu í útiveru. Gá þrisvar sinnum í útiverunni	Daglegt, 4 vikur að hausti og aftur á vorönn.	starfsfólk	Skráningabl að	Fara yfir skráningablað og athuga hvort að skráningum hafi verið fylgt eftir. Hvort að barnið sé mikið eitt og hverjir eru leikfélagar.
Lausnarhringurinn	Farið sé dýpra í lausnaringinn	Skipulagðir vikulegir fundir með börnunum. Þar sem ákveðin dagskrá er sett fram.	Í septemb er og fram í lok maí	Deildastjóri	Deildafundi r starfsmenn meta árangur hvers fundar	Farið hafi verið eftir skipulagi og rætt við börnin um hvernig þeim fannst.

Endurmat á innra mati sem gert var í fyrra:

Upplýsingaflæði, gekk vel. Stefnt var að að skrifa á hverjum degi á töfluna og í flestum tilfellum gekk það mjög vel.

Fréttapóstar: fjölga fréttapóstum. Það var alltaf gert nema ef það var eitthvað sérstakt, eins og Covid.

Hlutverkaskipting barna: Gekk mjög vel fram að Covid.

Skipulag fyrir verkefni hvers mánaðar: Gerðum plan en hefði þurft að vera útprentað og sýnilegt fyrir kennara til að fylgja því betur eftir.

Vettvangsferðir-útinám: Gekk vel, var gert plan og planinu fylgt eftir fram áramótum.

Endurmat á starfinu

Deildarfundir: Hafa skýrar fyrirkomulag. Vantar að hafa skipulag um hvenær þeir eru, gott væri að hafa fasta daga fyrir þá. Tímasetningin er heppileg. Passa að einn starfsmaður af annarri deild verður kominn út kl. 9:30 og börnin á deildinni sem fundurinn er verða komin út 9:45, svo fundurinn getur byrjað.

Endurbætur sem gerðar verða á deildinni fyrir deildafundi er að það verður sett fram blað með dagskrá fundarins sem deildarstjórinn setur fram og annað starfsfólk getur bætt inn á listann.

Hópastarf: Tímasetningin er góð 3 í viku. Eftir morgunfundinn 10-11. á þriðjudögum var hreyfistund og listsköpun í tveimur hópum til skiptis. á miðvikudögum var útinám. á fimmtudögum fóru tveir hópar á sitthvorn staðinn í kubbastarf. Þetta fyrirkomulag gekk mjög vel. Starfsfólk vill fá að nýta listasmiðjurýmið.

Skipulag starfsfólks: Skipulag starfsfólks hefur gengið vel.

Kaffitímar starfsfólks: ganga mjög vel. skiptingar ganga vel og tímasetning góð.

Morgunfundur: Ekki of langir, ganga vel. Efla þá sem tala minna.

TMT: Gengið vel að hafa tvö tákn á viku. Duglegri að nota táknin almennt yfir daginn.

Lubbi: Byrjuðum með Lubba eftir áramót. Hefur gengið vel og börnin eru áhugasöm. Stefnt er að því að halda áfram. Lubbi hjálpa líka með TMT.

Friðþjófur: Gekk vel, allir áhugasamir og glaðir.

Morgunmatur: Í haust var morgunmaturinn í Glaðheimum, starfsmenn deildarinnar voru aldrei þar í morgunmatnum, þá höfðu starfsmenn ekki yfirsýn yfir börnin. Eftir að morgunmaturinn var færður inn á deild þá hefur það gengið mjög vel og er góð stund til að byrja daginn sama. starfsmenn eru mjög ánægðir með fyrirkomulagið eins og það er núna.

Hádegismatur: Skipulagningin eins og hún er núna er góð, gott að þriðja borðið er komið inn. Það gengur mjög vel að koma í matsalinn, þarf að bæta skipulag hvernig á að fara úr matsalnum. Þarf að samræma reglur í matsal.

Síðdegishressingin: Gengur mjög vel.

Söngfundir: Samræma. Hver deild kemur með 3-4 lög á söngfund. Misjafnar skoðanir á tímasetningu á söngfund, hugmynd um að hafa á föstudögum. Þarf að bæta hvar staðsetningin er, starfsmenn sammála um að gott sé að hafa söngfundina í sal eða úti. Meiri skipulagning fyrir söngfund, deildirnar fá að velja lög og rúllar hver stjórnar fundinum. Hlutverk kennara að vera góð fyrirmynd, syngja með og nota tákn.

Útivera: Hlutverk kennara, hafa frumkvæði og bjóða upp á eitthvað nýtt og ganga frá því sem er boðið uppá eða passa uppá að einhver taki við. Gengur að mestu leyti vel en þarf að bæta nokkur atriði. Samræma reglur í garði eins og t.d. að skóflur eru bara í sandkassa.

Börnin voru spurð hvað er best við Brákarborg

Gott að spjalla saman við lítið borð

Gaman að spila – leika – lita

Erfitt að klæða sig í fötin, en við fáum hjálp frá kennurum

Byggja stórt hús með kubbum

2.3 Jötunheimar

Skólaárið óvenjulegt, sérstaklega vorönnin. Frá febrúar var allt með öðru sniði vegna verkfalls Eflingarfólks og síðan CoViD-19 sem kom í kjölfarið. Þetta ástand leiddi til þess að viðvera var skert hjá börnunum og þeim skipt í hópa meðan á verkfalli stóð. Í kjölfar Covid-19 var starfsfólkinu skipt í hópa með börnunum. Starfsfólk vann á vöktum, deildarstjóri vann að heiman við skýrsluskrif og það sem skólastjóri fól henni. Þann 4.maí var fyrsta skref tekið í afléttingu samkomubanns, sem varð til þess að starfsfólk deildarinnar og börnin hittust á ný.

Nemendafjöldi var 18 börn. 11 börn fædd 2014 og 7 börn fædd 2015. Starfsfólk sem var við störf í upphafi haustannar, var deildarstjóri (leikskólakennari) í 100% starfi, leikskólakennari sem sinnti stuðning og afleysingu 80% starfi, leiðbeinandi (Eflingarstarfsmaður) í 90% starfi. Síðan var 100% stuðningsstaða við einhverfan nemanda, þeirri stöðu sinntu þroskajálfi í 50% hlutfalli sem er að auki í meistaranámi við HR að læra hagnýta atferlisgreiningu. Til móts við hana var önnur útskrifaður atferlisfræðingur með BS í sálfræði í 100% stöðu. Sú var barnshafandi og lauk starfi um áramótin 2019-2020 af þeim sökum. Illa gekk að manna stöðu og var mikið álag á starfsfólki framan af skólaári. Tveim dögum áður en verkfall Eflingar hófst byrjaði starfsmaður sem tók við stuðningsstöðu á móti þeirri sem fyrir var. Mikið álag var á starfsmanna- og barnahópnum í gegnum bæði verkfall og Covid-19 þó svo segja megi að tómleiki hafi einkennt meira seinni þáttinn.



Eftir 4.maí kom hópurinn saman á ný og hefur tíminn fram að sumarfríi farið í skipulagsmál, innra mat og umbætur fyrir ytra mat – en leikskólinn var þátttakandi í ytra mati í upphafi skólaársins, í miðri aðlögun og starfsfólk ekki komið í fastan vinnutakt.


Foreldrasamtöl voru á haustönn með breyttu sniði. Farið var yfir styrkleika og það sem þarf að styrkja hjá barninu með foreldrum. Síðan voru sett nokkur markmið á blað með leiðum fyrir heimili og skóla, það skjal fór síðan til starfsfólks deildarinnar auk foreldra. Með því móti var reynt að stuðla að enn frekari samfellu í námi og uppvexti barnsins. Á vorönn var síðan áætlað að fara yfir hvernig staðan er hjá hverju barni, en því miður varð að aflýsa því. En foreldrum var boðið uppá að koma í samtal ef þeir töldu þörf fyrir það. Foreldrar 5 barna af 18 hafa óskað eftir samtali og verður því komið við.

Innra mat

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýn ihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skipulag fyrir verkefni	Hafa skipulag fyrir verkefni (t.d. sjálfs- myndir) sýnilegt fyrir alla starfsmenn	Skipta verkefnum niður á starfsmenn deildarinnar í byrjun hverrar annar	Upphaf skólaárs	Hver og einn starfsmaður ber ábyrgð á sínu verkefni	Setja upp dagatal fyrir kennara á glasavegginn	Merkja við hvaða verkefni eru búin, fara yfir og meta á deildarfundum
Útinám	Sjálfshjálp varðandi klæðnað, auka hreyfifærni og styrk, að börnin læri að það geti verið skemmtilegt að vera úti óháð því hvernig veðrið er	Gefa börnunum nægan tíma og rými í fataherbergi Fara út í öllum veðrum, starfsmenn eru jákvæðar fyrirmyndir hvað varðar viðhorf gagnvart veðri	Upphaf skólaárs	Hópstjóri ber ábyrgð á skipulagi og er fyrirmynd annarra.	Setja upp stundaskrá með það í huga að það skapist rými til að bjóða færri börnum í einu í fataklefa	Myndræn skráning – ljósmyndir og myndbönd af börnunum í fataklefa, sýna þeim og láta þau sjálf meta sína eigin frammistöðu
Kubbanám	Efla starfsmenn í kubbastarfi, gera kubbastarfið einfaldara t.d.	Fá inn fræðslu fyrir alla starfsmenn um einingakubba	Við upphaf skólaárs	Deildarstjóri	Greina hvar hindranirna r liggja og hvernig við getum	Símat á deildarfundum

	með því að fækka formum og gera kubbana aðgengilegri				yfirstigið þær	
Hópastarf	Setja upp skýrari ramma fyrir þau verkefni sem er verið að vinna með innan hópastarfsins t.d. til að auðvelda fyrir afleysingu	Hópstjóri setur upp beinagrind fyrir hópastarfið	Upphaf skólaárs	Hópstjóri ber ábyrgð á sínum hóp	Endurmatsblöð frá Jörfa	Yfirferð á endurmatsblöðum
Hljóm-2	Gefa rými í dagskránni fyrir Hljóm-2	Setja Hljóm-2 í forgang að hausti áður en vetrarstarfið er skipulagt	Upphaf skólaárs	Deildarstjóri og sérkennslustjóri	Bregðast strax við niðurstöðum úr Hljóm-2	Hljóm-2 prófið sjálft, hvort það náist að prófa öll börnin innan tímarammans
Lausna-hringurinn	Innleiðing á námskrá vegna Launahringsins	Námskráin sýnileg fyrir kennara og börn	Allt skólaárið	Allir starfsmenn bera ábyrgð á því að kynna sér námskrána og innleiða hana í sína vinnu	Skráningar	Myndrænar skráningar, gátlisti fyrir markmið, nota myndbönd sem nýtast bæði kennurum og börnunum sjálfum

Börnin voru spurð hvað er best við Brákarborg



3 Ytra mat

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmuð m við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Námskrá	Gefa út námskrá leikskólans	Með því að safna gögnum um markmið og leiðir í starfi deilda	Deildarstjórarn allra deilda	Haut 2020	Júlí 2021	Rýnihópar deilda, rýnihópur stjórnendateymis	Metið eftir því hvort námskráin verður til eða ekki
Innra mat	Bætt innra mat	Efla matsnefnd skólans	Leikskólastjóri	Haut 2020	Maí 2021	Leggja fram kannanir á deildum og fá niðurstöður endurmats jafnt og þétt	Að gögnum sé safnað að minnsta kosti 1x hvora önn
Mat á námi barna	Meta gæði náms barna	Börninn svara matslista um líðan	Leikskólastjóri	Desember 2020	Júní 2021	Könnun með tilfinningaköllum sem þau velja um líðan sína í námi	Að meirihluti nemenda svari könnun
Vinnuaðstaða starfsmanna	Aðstaða starfsmanna til undirbúnings, samráðs og	Fáum bæt看 á aðstöðu tímabundið þar til varanlegar	Leikskólastjóri	Sumar 2020	Haut 2021	Að undirbúningsaðstaða starfsmanna verði ekki í sama rými og kaffistofa	Vinnuaðstaða starfsmanna verður í sérstöku

	funda verði bætt	framkvæmd ir um breytingar verða					rými með vinnunæði í samræmi við skrifstofuhú snæði
--	---------------------	---	--	--	--	--	--

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í örsamtalaformi að hausti en ekki náðist að taka formleg samtöl við hvern og einn að vori vegna hópskiptinga starfsmanna.

Endurmenntun starfsmanna:

Námskeið frá Ellen Calmon um Barnasáttmálann var fyrir alla starfsmenn á skipulagsdegi. Önnur námskeið fóru starfsmenn ýmist í minni hópum eða einslega.

- Þróunarstarf menntastofnana.
- Tákn með tali – TMT – Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins
- Uppeldis- og menntunarfræði – Háskóli Íslands
- VB-mapp námskeið vegna atferlisíhlutunar
- Vanræksla og ofbeldi gegn börnum – Barnavernd og Endurmenntun HÍ
- Sálræn áföll – Endurmenntun HÍ
- Stafræn nævera – Símenntun HA
- ZOOM á 90 mínútum – Símenntun HA
- Vinátta barna - KVAN



5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva



Langholtsskóli er hverfisgrunnskólinn okkar og erum við í samstarfi með elsta árgang Brákarborgar, 1. bekk Langholtsskóla 6. bekk og 7. bekk Langholtsskóla. Nokkuð fast fyrirkomulag er orðið á þessu samstarfi en að hausti er fundað og gerð endanleg áætlun fyrir skólaárið. Þær upptökur sem árvissar

eru í samstarfinu eru:

- Langholtsskóli býður samstarfsskólum sínum á upptöku á Degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember ár hvert, þar sem samstarfsleikskólar koma hver með sitt atriði.
- Í aðventunni býður Langholtsskóli upp á leiksýningu.
- Á vorönn fara elstu börnin í Brákarborg í heimsókn í skólastofu 1. bekkjar með kennurum og taka þátt í tveimur kennslustundum.
- Við bjóðum til okkar nokkrum nemendum úr sjöunda bekk, sem taka þátt í stóru upplestrarkeppninni, til að lesa fyrir börnin.
- 1. bekk er boðið í heimsókn.
- Vorskóli verðandi nemenda með foreldrum þeirra.
- Samstarfsskólar Langholtsskóla hittast í Grasagarðinum, skreyta tré með heimatilbúnu skrauti og syngja saman.
- Leikjadagur í Langholtsskóla með samstarfsskólum hverfisins.
- Skólastjóri Langholtsskóla hittir verðandi nemendur.

Einnig hefur samstarf við frístund verið frábært og nýttu allar deildir húsnæði Glaðheima að morgni meðan ekki nein starfsemi er þar fram í miðjan mars. Hefur þessi þáttur nýst börnum mjög vel þar sem þau koma öruggari í frístund þegar þau byrja í skólanum. Við fáum leyfi frá foreldrum og bjóðum forstöðumanni Glaðheima að vera með á skilafundi með Langholtsskóla. Hefur mikil ánægja verið með þessa tilhögun meðal starfsmanna frístundar, kennara Langholtsskóla, kennara Brákarborgar og foreldra.

Eftir samstarfsverkefni með Langholtsskóla um skólaskil hafa fundir verið markvissari og boðið er til fundar í öllum samstarfsskólunum til skiptis. Samstarfsskólarnir eru Langholt, Sunnuás og

Vinagarður ásamt Brákarborg frístundinni Glaðheimum og Langholtsskóla. Verkefnið miðar að því að skoða sérstaklega Hljóm-2, hvernig það er nýtt til að greina stöðuna og svo hvað það er sem vantar uppá hjá okkur til að koma börnunum betur undirbúnum frá okkur til grunnskólans. Í tengslum við þetta verkefni eru fundir hafðir til skiptis milli skóla og sá skóli sem fundinn heldur kynnrir starfið með börnunum. Þetta þéttir okkur fyrst og fremst sem skólasamfélag.

Hluti af þessu verkefni er að efla börnin og einnig að styrkja foreldra og kynna betur fyrir þeim það starf sem unnið er í leikskólunum og hvernig Langholtsskóli vinnur með yngstu nemendur sína. Eftir samtali skólanna var ákveðið að bæta einnig við fundi í janúar þar sem deildarstjórar á deild elstu barna samstarfsleikskólanna, foreldrar verðandi grunnskólabarna, kennarar 1. bekkjar og skólastjórar hittast og fá kynningu á skólastarfinu og hvers má vænta. Markmiðið með þessum fundi er að auka innsýn foreldranna og styðja við þá í þeim skrefum sem eftir eru fram að skólaskilum.

6 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna hefur verið mjög góð í leikskólanum og vel gengið að fá inn fólk í stjórn foreldrafélags og foreldraráðs. Kosið er í stjórn og ráð á aðalfundi foreldra að hausti og leggjum við áherslu á að fá raddir sem flestra hópa innan skólans, s.s. foreldra sem eru af erlendu bergi brotin og foreldra af öllum deildum. Því miður hefur illa tekist að fá inn feður en þeir hafa þó lagt sitt fram í ýmsum viðburðum sem foreldrafélagið stendur fyrir í samstarfi við leikskólann. Foreldraráðið hefur t.d. fengið upplýsingar um stöðu mála varðandi vinnslu teikninga á viðbyggingu skólans. Einnig hefur foreldraráð staðið fyrir skrifum og þrýstingi vegna sérstakra mála s.s. aðgengi að skólanum, gangbraut við Skipasund ofl.

Í lok maí er vanalega haldinn kynningarfundur fyrir foreldra nýrra barna til þess að starf skólans og gefa upplýsingar um þátttökuaðlögunina, sem við notum sem starfstæki í upphafi skólagöngu barna hjá okkur. Í ár þurftum við þó að fara þá leið að senda kynningarefni og upplýsingar til foreldra í tölvupósti.

Samstarf við foreldra í Brákarborg er mjög gott og má jafnvel leiða að því líkum að það sé vegna þess hve skólinn er lítill og samskipti foreldra, kennara og skólastjóra mikil. Vegna þessa er samstarf við foreldra og tenging milli heimilis og skóla mjög góð. Foreldrahópurinn okkar samanstendur af einstaklingum sem eru boðnir og búnir að aðstoða okkur og taka þátt í öllu því sem við höfum óskað eftir. Starfsfólkið gerir allt sem í þeirra valdi stendur til að gera þennan þátt leikskólastarfsins ánægjulegan fyrir alla hlutaðeigandi aðila og fundum við mikið fyrir því hvað samskipti breyttust eftir að hópnum var skipt upp vegna heimsfaraldurs. Formleg foreldrasamtöl eru tvisvar á ári. Í október eru samtölin notuð til samvinnu við foreldra til að gera einstaklingsnámskrár fyrir börnin. Annað samtal er svo í byrjun mars þar sem farið er yfir veturinn og þau skref sem þarf að taka í framhaldinu í samráði við foreldra, eins og fram kom þá voru ekki mörg samtöl tekin á vormánuðum. Við hvetjum foreldra þó alltaf til samræðna við okkur og erum ávallt reiðubúin til að fara yfir málin með þeim hvort sem það er gert á staðnum í tölvupósti, síma eða í fjarfundi. Eins og áður hefur komið fram þá hefur verið notast við þátttökuaðlögun frá haustinu 2011, með endurmati hefur hún tekið örlitlum breytingum en það er skoðun starfsmanna og foreldra að halda henni áfram. Þátttökuaðlögun er hópaðlögun og er markmiðið með henni að foreldrar séu virkir þátttakendur frá fyrsta degi og öðlist þannig öryggi með alla þætti skólastarfsins. Þá taka þeir þátt í því sem á sér stað í

skólanum, sjá starfsfólkið við vinnu og kynnist því betur. Annar kostur er sá að foreldrar tengjast hver öðrum, sem getur leitt af sér öruggari samskipti foreldra og starfsmanna ásamt því að foreldrar kynnast.

Fastir liðir í skipulagi skólans í samstarfi við foreldra

- Foreldrafundur í september
- Foreldrasamtöl 2x á ári
- Þrettándakaffi
- Gestadagur
- Tiltektardagur
- Sumarhátíð

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

[https://www.brakarborg.is/images/Skoladagatal Brakarborg 2020-2021.pdf](https://www.brakarborg.is/images/Skoladagatal%20Brakarborg%202020-2021.pdf)

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2020 - 2021

Nafn skóla: **Brákarborg**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 L	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 S	4 M	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ
7 F	7 M	7 L	7 M	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 L
10 M	10 L	10 M	10 F	10 S	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 M
11 Þ	11 F	11 L	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 M	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 L	14 M	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	16 L	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 Þ	16 S	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 M	17 M	17 F	17 S	17 S	17 L	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 S	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 M	19 L	19 Þ	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 L	21 M	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 F	22 M	22 L	22 M	22 L	22 Þ	22 F	22 F
23 S	23 M	23 L	23 M	23 S	23 F	23 Þ	23 Þ	23 M	23 F	23 M	23 F
24 M	24 F	24 M	24 F	24 M	24 L	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 S	25 Þ	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 M	27 F	27 L	27 M	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 L	28 M	28 S	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 Þ	28 F
29 L	29 Þ	29 M	29 F	29 M	29 L	29 M	29 M	29 F	29 L	29 S	29 M
30 S	30 M	30 F	30 M	30 S	30 F	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F
31 M	31 L	31 M	31 F	31 S	31 M	31 L	31 M	31 F	31 S	31 M	31 F

AGI
VIRÐING
UMHYGGJA

Starfs- og skipulagsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 7 dagar - þar af þrír sameiginlegir með leik- og grunnskólum hverfisins. Föstudagurinn 21. ágúst og mánudagurinn 10. janúar eru sameiginlegir í hverfinu og mánudagurinn 10. mars er sameiginlegur hjá öllum leik- og grunnskólum hjá Reykjavíkurborg.

Brákarborg sími: 411 3120
Símanúmer deilda:
Dvergheimar: 623 3561
Alfheimar: 623 3562
Jötunheimar: 623 3563



14. ágúst 2020 – sameiginlegur dagur í hverfinu

2. október 2020

2. nóvember 2020

4. desember 2020 – uppbót vegna 16. mars

18. janúar 2021 – sameiginlegur dagur í hverfinu

15. mars 2021

10. maí 2021 – menntastefnumót sameiginlegt í Reykjavík

8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Sólnir Óskarsdóttir

Leikskólastjóri

Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2020 – 2021 Brákarborg



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Cecilie Cedet Gaihede

Apríl Sól Salómundóttir

Aldís Guðbrandsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur móttengið og lesið starfsáætlun leikskólans Brákarborgar skólaárið 2020-2021 og samþykkir hana heils hugar. Ber áætlunin glögg merki um að ávallt er stefnt að því að bæta það góða starf sem unnið er í leikskólanum. Foreldraráð fagnar því að aðstaða starfsmanna hafi verið bætt en finnst löngu orðið tímabært að skólalóð og húsnæði verði sett í forgang.

Ágætar breytingar hafa verið gerðar á útleiksvæði barnanna, sem gerði það mun snyrtilegra en þó eru leiktæki úr sér gengin, grassvæði nánast ónothæft og fallmöl í garði orðin mjög léleg. Mikilvægt að fara í þessar framkvæmdir sem fyrst.

Eins og fram kemur þá var seinni hluti síðasta skólaárs ekki auðveldur en mjög greinilegt að börnin náðu að njóta og leysti starfshópurinn aðstæðurnar með mikilli þrýði.

F.h. foreldraráðs,

Cecilie Cedet Gaihede

Apríl Sól Salómonsdóttir

